

**Nefndasvið Alþingis**

Austurstræti 8-10

101 Reykjavík

nefnasvid@althingi.is

**Reykjavík, 15. desember 2023**

## Umsögn Grænu Orkunnar um Tillögu til þingsályktunar um landsskipulagsstefnu fyrir árin 2024-2038 ásamt fimm ára aðgerðaáætlun fyrir árin 2024-2028

Vísað er til [Þingskjals 621 - 535. máls](#) frá nefnda- og greiningarsviði Alþingis þar sem kynnt er tillaga til þingsályktunar um landsskipulagsstefnu fyrir árin 2024-2038. Græna Orkan fagnar því að í tillögu til þingsályktunar um landsskipulagsstefnu sé lögð rík áhersla á samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda, kolefnishlutleysi og útfösun jarðefnaeldsneytis með orkuskiptum í orku af endurnýjanlegum uppruna.

Ábendingar Grænu Orkunnar fara hér á eftir.

### I. FRAMTÍÐARSÝN OG MEGINMARKMIÐ

Vantar skilgreiningu á því hvaða „innviði“ er átt við.

Vantar skilgreiningu á „sjálfbær“ í meginmarkmiði tvö „Byggðir og sveitarfélög um allt land verði sjálfbær“.

### III. MARKMIÐ, ÁHERSLUR OG MÆLIKVARÐAR

Hér eru teknir fyrir þeir áherslukaflar sem Græna Orkan vill gera athugasemdir eða breytingatillögu við, athugasemdir dregnar fram fremst og, eftir atvikum, settur inn texti eins og Græna Orkan sér fyrir sér að hann gæti verið.

#### A. Markmið um vernd umhverfis og náttúru.

„Áhersla A.1: Skipulag feli í sér stefnu um loftslagsmál með samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda, kolefnishlutleysi og útfösun jarðefnaeldsneytis í lofti, á láði og legi með orkuskiptum í orku af endurnýjanlegum uppruna að leiðarljósi.“

Í áherslu A.1 er talað um að leiðarljós skipulags eigi að vera kolefnishlutleysi og orkuskipti. En í tölusetnum liðum við framfylgd við skipulagsgerð er aldrei minnst á orkuskipti. Þó loftslagsmál og orkuskipti séu nátengd, eru þetta ekki alveg sambærileg hugtök. Hérna þarf að skýra orðalag og hnykkja á því að skipulag eigi einnig að stuðla að útfösun jarðefnaeldsneytis og orkuskiptum með því að bæta orðinu orkuskipti inn í tölusettu liðina og umorða fyrirsögnina.

- Við skipulagsgerð verði mörkuð stefna um loftslagsmál og orkuskipti. Hún feli í sér stefnu um samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda frá byggð, samgöngum og landnotkun, stuðning við orkuskipti og aukningu kolefnisbindingar, með kolefnishlutleysi og orkuskipti að leiðarljósi. (M, D, Þ, H)
- Skipulag miði að eins miklum og skjóttum árangri og kostur er við að draga úr losun og auka bindingu gróðurhúsalofttegunda. (M, D, Þ, H)
- Skipulagsákvæði um þróun byggðar, samgöngur og landnotkun verði útfærð og, eftir því sem við á, sett mælanleg markmið um árangur í loftslagsmálum og orkuskiptum. (M, D, Þ, H)

4. Umhverfismat skipulagsáætlana feli í sér mat á loftslagsáhrifum skipulagstillagna og annarra valkosta um stefnu og útfærslu byggðar, samgangna og landnotkunar, sem til greina koma auk mats á áhrifum þeirra á orkuskipti. (M, D, Þ, H)
5. Í skipulagi skuli horfa til losunar frá landi og landnotkun og áhrifa ólíkrar landnotkunar á getu jarðvegs og gróðurs til að binda kolefni. Nýtt verði besta fánleg þekking á samspili landnotkunar og losunar gróðurhúsalofttegunda. (M, D, Þ, H)
6. Skipulag taki mið af aðgerðaáætlun stjórnvalda í loftslagsmálum, orkustefnu og bestu fánlegu leiðbeiningum um loftslagsmiðað skipulag. (M, D, Þ, H)

*“Áhersla A.2: Skipulag feli í sér stefnu og skipulagsákvæði um innviði fyrir loftslagsvænar samgöngur, með áherslu á vistvænan ferðamáta og orkuskipti í samgöngum.”*

Í þessum lið vantar skilgreiningu á “virkur ferðamáti”. Þetta orðalag er notað á fleiri stöðum, t.d. í B.2 svo það er mikilvægt að ekki fari á milli mála við hvað er átt.

Í tölulið 2. er talað um að “Við skipulagsgerð á miðhálandinu verði hugað að orkuskiptum”. Þetta er mjög veikt orðalag og þyrfti að vera mun sterkara, helst að gert sé ráð fyrir að allar samgöngur á miðhálandinu séu losunarlausar. Þetta er markmið sem hægt er að binda við ákveðin tímamörk eftir tækniþroska lausna.

1. Skipulag samgöngukerfis miðhálandisins stuðli að sérstakri áherslu á vistvæna ferðamáta. (M)
2. Við skipulagsgerð á miðhálandinu verði alltaf gert ráð fyrir losunarlausum ferðamátum en uppbygging innviða skuli vera í samræmi við áherslur landsskipulagsstefnu um uppbyggingu á miðhálandinu. (M)
3. Í skipulagi í dreifbýli verði, eftir því sem kostur er, skilyrði fyrir samtengdu kerfi samgangna, með áherslu á virkan ferðamáta, almenningsamgöngur sem ganga fyrir endurnýjanlegri orku. (D)
4. Við skipulagsgerð verði gert ráð fyrir innviðum fyrir orkuskipti, svo sem hleðslustöðvum, sem styðja við orkuskipti í samgöngum á landi, í íbúðahverfum, á atvinnusvæðum, við hafnir, stofnvegi, á sjó og í lofti. (D, Þ)
5. Í skipulagi í þéttbýli verði hugað að innviðum fyrir loftslagsvænar samgöngur, með áherslu á virkan ferðamáta og almenningsamgöngur sem ganga fyrir endurnýjanlegri orku. (Þ)
6. Við skipulagsgerð verði sett fram stefna og skipulagsákvæði um gatnakerfi og hönnun og útfærslu göturýma sem taki mið af fjölþættu hlutverki gatna sem umferðarleidda og bæjarrýma. (Þ)
7. Skipulag og útfærsla gatnakerfis og göturýma innan byggðarheilda taki mið af mannlífi, byggð og bæjarrými: leiðbeiningum um sjálfbært skipulag og vistvænar samgöngur í þéttbýli. (Þ)

## **B. Markmið um velsæld samfélags.**

*“Áhersla B.4: Skipulag greiði fyrir skilvirkum samgöngum með sérstakri áherslu á vistvæna ferðamáta.”*

Orðalagið “jafnvægi milli ólíkra ferðamáta” er í beinni mótsögn við það að landsskipulagsstefna eigi að leggja ríka áherslu á samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda, kolefnishlutleysi og útfösun jarðefnaeldsneytis með orkuskiptum. Eigi að leggja áherslu á samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda og orkuskipti, verður að gera vistvænum samgöngum hærra undir höfði en samgöngum sem ganga fyrir jarðefnaeldsneyti og losa gróðurhúsalofttegundir.

1. Viðhald og frekari uppbygging samgöngukerfis á miðhálandinu stuðli að minni umferð um það og með sérstakri áherslu á vistvæna ferðamáta, með orkuskipti og vernd náttúru hálandisins að leiðarljósi. Samgöngukerfi miðhálandisins verði þróað, til að mynda með útfærslu einstakra stofnvega og öryggishlutverks þeirra vegna náttúruvár. (M)
2. Samgöngumannvirki og umferð hafi lágmarksáhrif á víðerni og óbyggðaupplifun. (M)
3. Sveitarfélög á miðhálandinu geri grein fyrir og marki stefnu um þjóðvegi, þ.e. stofnvegi og landsvegi, í aðalskipulagi í samráði við Vegagerðina í samræmi við lög um náttúruvernd og loftslagsmarkmið. Skipulagsákvæði um vegi á miðhálandinu feli í sér að vegaframkvæmdum verði haldið í lágmarki, möskvar vegakerfisins verði sem stærstir og að hönnun allra vega taki mið af náttúruvernd, orkuskiptum, vistvænum ferðamátum og loftslagsmálum sérstaklega með tilliti til landslags, víðerna og verndar viðkvæmra svæða. (M)
4. Við skipulagsgerð verði aðgengi að áhugaverðum stöðum takmarkað við ferðafólk sem nýtir virka ferðamáta eða vistvæn, hljóðlát, vélknúin farartæki. (M)
5. Ferðamannleiðir (gönguleiðir, reiðleiðir og reiðhjólaleiðir) verði eftir því sem kostur er aðskildar frá meginvegakerfi miðhálandisins. (M)
6. Í skipulagsáætlunum verði tekin afstaða til þess hvar gera megi ráð fyrir lendingarstöðum loftfara og eftir atvikum afmörkuð svæði umferðar vélknúinna farartækja í lofti, á láði og legi. (M)
7. Skipulag landnotkunar í dreifbýli feli í sér samþætta stefnu um byggðapróun með áherslu á greiðar, öruggar og vistvænar samgöngur og fjölbreyttan ferðamáta. Við skipulag byggðar og samgangna verði miðað við að sem flestir íbúar komist til næsta meginkjarna á innan við einni klukkustund. Skipulag feli einnig í sér stefnu um almenningsamgöngur. Jafnframt verði mótuð stefna um tengingar milli helstu meginkjarna í samræmi við samgönguáætlun. (D)
8. Sveitarfélög geri grein fyrir og marki stefnu um aðra vegi en þjóðvegi í aðalskipulagi í samræmi við lög um náttúruvernd. (D)
9. Sveitarfélög nýti skipulagsgerð til þess að skilgreina meginleiðir ferðamanna, gangandi, ríðandi og hjólandi. (D)
10. Skipulagsgerð í þéttbýli stuðli að greiðum samgöngum innan skilgreindra vinnusóknar- og þjónustusvæða, með styrkingu byggðar að leiðarljósi. (Þ)
11. Sveitarfélög marki í skipulagi samþætta stefnu um byggð og samgöngur. Áhersla verði lögð á göngu- og hjólavænt umhverfi og að tvinna saman almenningsamgöngur og byggðaskipulag. (Þ)
12. Gatnaskipulag og gatnahönnun miði að því að skapa bæjarrými og umferðarrými fyrir akandi, hjólandi og gangandi vegfarendur. Við skipulagsgerð verði byggt á Mannlíf, byggð og bæjarrými: leiðbeiningum um sjálfbært skipulag og vistvænar samgöngur í þéttbýli. (Þ)
13. Á haf- og strandsvæðum verði tryggðar öruggar og greiðar samgöngur og gott aðgengi að höfnum. Í því felst að ákvarðanir um staðbundna nýtingu byggist á mati á siglingaöryggi. (H)

### C. Markmið um samkeppnishæft atvinnulíf.

*Áhersla C.1: Skipulag feli í sér stefnu um samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda og bindingu kolefnis með kolefnishlutleysi að leiðarljósi.*

Hér vantar að setja „samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda“ inn í heiti áherslunnar.

*“Áhersla C.5: Skipulag haf- og strandsvæða skapi grundvöll fyrir fjölbreytta nýtingu jafnframt því sem viðhaldið verði mikilvægum auðlindum hafsvæða við Ísland og tekið tillit til öryggis sjófarenda: “*

Hér vantar tölulíð um landtengingar skipa í höfnum.

1. Til grundvallar skipulagsgerð á haf- og strandsvæðum verði lögð gögn um nýtingu haf- og strandsvæða, þ.m.t. um veiðar, staðbundna nýtingu, svo sem eldi og ræktun nytjastofna og efnistöku, ásamt gögnum um siglingar og siglingamerki, veitumannvirki og ferðaþjónustu. (H)

“Áhersla C.7: Skipulag um uppbyggingu ferðaþjónustu gæti að varðveislu þeirra gæða sem hún byggist á.”

Hér vantar að gera grein fyrir því að orkuskipti séu mikilvægur hluti af ferðaþjónustunni, m.a.:

- að við skipulagsgerð um uppbyggingu ferðaþjónustu verði gert ráð fyrir innviðum fyrir orkuskipti
- áherslu á vistvænan ferðamáta og orkuskipti í samgöngum
- skipulag strandsvæða stuðli að bættum loftgæðum í höfnum og á strandsvæðum með áherslu á orkuskipti
- skipulagsáætlanir taki mið af innviðaaáætlun um endurnýjanlega orkugjafa í samgöngum sem unnin verði samhliða endurnýjun á aðgerðaáætlun í loftslagsmálum

Í lok hvers kafla, A, B og C eru þrjú mælikvarðar.

Það er mjög gott að hafa mælikvarða til að mæla áhrif þeirra aðgerða sem gripið er til. En mælikvarðarnir hér eru ýmist mjög víðtækir (t.d. heildarlosun gróðurhúsalofttegunda) eða illa skilgreindir (t.d. hvað telst til „vistvæns ferðamáta“?).

Hér vantar mælikvarða sem eru beintengdir við skipulagsmál. Til dæmis mætti vera fjöldi hleðslustöðva eða hreinorkustöðva, kannski hlutfall þeirra af heildarfjölda orkustöðva. Eða hlutfall hafna sem hafa bannað notkun ljósavéla. Eða hlutfall ferðamanna um miðhálendið sem ferðast með losunarfríum ferðamáta.

A:

- a) Heildarlosun gróðurhúsalofttegunda.
- b) Hlutfall lands og hafsvæða með fullnægjandi verndun vistkerfa.
- c) Hlutfall óbyggðra víðerna.

B:

- a) Losun gróðurhúsalofttegunda frá vegsamgögnum og heimilum.
- b) Hlutfall heimila með íþyngjandi húsnæðiskostnað.
- c) Hlutfall vistvæns ferðamáta skv. nánari skilgreiningu (virkir ferðamátar auk ferðamáta á hreinorku).

C:

- a) Koltvísýringslosun á virðisaukæiningu (skilgreina þarf virðisaukæiningu).
- b) Hlutfall fjölbreyttra atvinnusvæða (vantar nánari skilgreiningu).
- c) Hlutfall endurnýjanlegrar orku.

Virðingarfyllst,

Fyrir hönd stjórnarmanna og varamanna Grænu orkunnar úr atvinnulífinu



Ásta Loftsdóttir (Dec 14, 2023 15:56 GMT)

---

Ágústa Loftsdóttir, Eflu verkfræðistofu, stjórnarformaður

Egill Jóhannsson, Bílgreinasambandinu  
Guðmundur Ingi Þorsteinsson, Orkunni  
Linda Fanney Valgeirsdóttir, Alor ehf  
Gunnar Valur Sveinsson, Samtökum ferðaþjónustunnar  
Sigurður Ástgeirsson, Ísorku

# Þingskjal 621 umsögn Grænu orkunnar - Lokaútgáfa 14.12.2023 amk

Final Audit Report

2023-12-14

|                 |   |
|-----------------|---|
| Created:        | 2023-12-14                                      |
| By:             | Anna Margret Korneliusdottir (amk@newenergy.is) |
| Status:         | Signed  |
| Transaction ID: | CBJCHBCAABAAV64-51wGqvTOj9L3OP90ptRlc7Qm1Psa    |

## "Þingskjal 621 umsögn Grænu orkunnar - Lokaútgáfa 14.12.2023 amk" History

-  Document created by Anna Margret Korneliusdottir (amk@newenergy.is)  
2023-12-14 - 3:21:05 PM GMT
-  Document emailed to agusta.loftsdottir@efla.is for signature  
2023-12-14 - 3:21:49 PM GMT
-  Email viewed by agusta.loftsdottir@efla.is  
2023-12-14 - 3:52:32 PM GMT
-  Signer agusta.loftsdottir@efla.is entered name at signing as Ágústa Loftsdóttir  
2023-12-14 - 3:56:04 PM GMT
-  Document e-signed by Ágústa Loftsdóttir (agusta.loftsdottir@efla.is)  
Signature Date: 2023-12-14 - 3:56:06 PM GMT - Time Source: server
-  Agreement completed.  
2023-12-14 - 3:56:06 PM GMT